

2. fundur veitustjórnar haldinn miðvikudaginn 31. október 2018 í Ráðhúsi Hrunamannahrepps og hófst hann kl. 15:00.

Fundinn sátu: Aðalsteinn Þorgeirsson, formaður, sem setti fund og stjórnaði honum. Einnig sátu fundinn, Elsa Ingjaldsdóttir, Bogi Pétur Eiríksson, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason, Hannibal Kjartansson, veitustjóri og Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri sem skráði fundargerð. Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. Stöðuyfirlit á rekstri vatnsveitu og fráveitu.

Lagt var fram stöðuyfirlit úr bókhaldi Hrunamannahrepps um rekstur á vatnsveitu og fráveitu sveitarfélagsins og upplýsingar um áætlun ársins 2019 auk þess sem farið var yfir rekstur seyruverkefnisins.

2. Tillaga að gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Hrunamannahrepps 2019.

Hannibal og Jón fóru yfir tillögu að gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Hrunamannahrepps fyrir árið 2019. Helstu tillögur eru að gjald á íbúðarhús er óbreytt 0,25% af fasteignarmati en lágmarksgjald hækkar í kr. 36.200 eða um 2,8%. Hámarksgjald á íbúðarhús verður óbreytt kr. 55.000. Fast vatnsgjald í sumarhús hækkar um 2,8% og verður kr. 36.200. Vatnsgjald í atvinnuhúsnæði verður óbreytt 0,15% af fasteignarmati og lágmarksgjald óbreytt eða kr. 65.000. Notkunargjald er óbreytt kr. 28 á m³. Mælaleiga hækkar um 2,8% en heimæðagjöld og stofngjöld hækka ekki. Veitustjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að gjaldskrá enda gerir fjárhagsáætlun ráð fyrir að reksturinn skili ekki hagnaði.

3. Tillaga að gjaldskrá fyrir fráveitu Hrunamannahrepps 2019.

Hannibal og Jón fóru yfir tillögu að gjaldskrá fyrir fráveitu Hrunamannahrepps fyrir árið 2019. Fráveitugjald á íbúðar- og atvinnuhúsnæði í þéttbýlinu á Flúðum verður óbreytt eða 0,25% af fasteignarmati íbúðarhúsnæðis og 0,15% af atvinnuhúsnæði. Hámarksgjald af íbúðarhúsnæði er óbreytt kr. 55.000 og einnig hámarksgjald á atvinnuhúsnæði kr. 213.600. Árlegt gjald fyrir hreinsun og tæmingu rotþróa við íbúðar- og sumarhús utan þéttbýlisins á Flúðum hækkar í kr. 9.100 eða um 6%. Þá er gert ráð fyrir að gjald fyrir tæmingu á rotþró við atvinnurekstur og fyrirtæki auk aukagjalds fyrir rotþrær stærri en 6.000 l auk metragjalds vegna tæmingar hækki um 2,8%. Heimæðagjöld í þéttbýlinu á Flúðum hækka ekki. Veitustjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að gjaldskrá enda rekstarkostaður langt umfram tekjur.

4. Fjárhagsáætlun Hitaveitu Flúða 2019.

Hannibal og Jón fóru yfir tillögu að fjárhagsáætlun fyrir Hitaveitu Flúða fyrir árið 2019 og útkomuspá fyrir árið 2018. Gert er ráð fyrir að hagnaður verði af veitunni að fjárhæð um kr. 2.995.200 á árinu 2019. Veitustjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að fjárhagsáætlun.

5. Tillaga að gjaldskrá fyrir Hitaveitu Flúða 2019.

Hannibal og Jón fóru yfir tillögu að gjaldskrá fyrir Hitaveitu Flúða fyrir árið 2019. Helstu breytingar eru að gjaldskráin hækkar almennt um 2,8% nema heimæðagjöld hækka ekki. Veitustjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að gjaldskrá.

6. Fjárhagsáætlun Hrunaljóss 2019.

Hannibal og Jón fóru yfir tillögu að fjárhagsáætlun fyrir Hrunaljós fyrir árið 2019 og útgönguspá fyrir árið 2018. Gert er ráð fyrir að tap verði af rekstri Hrunaljóss að fjárhæð um kr. 3.546.000 á árinu 2019. Veitustjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að fjárhagsáætlun enda reksturinn í þróun.

7. Tillaga að gjaldskrá fyrir Hrunaljós 2019.

Hannibal og Jón fóru yfir tillögu að gjaldskrá fyrir Hrunaljós fyrir árið 2019. Gert er ráð fyrir að gjaldskráin verði óbreytt frá núverandi gjaldskrá þannig að mánaðarlegt áskriftargjald verði kr. 3.000 og tengigjöld verði kr. 250.000 á tengistað sem nýtur styrks frá Fjarskiptasjóði. Tengistaðir sem ekki njóta styrks úr Fjarskiptasjóði greiða kr. 250.000 auk raunkostnaðar við að leggja stofnstreng að tengistað. Í sumarhúshverfum sé síðan heimilt að jafna út kostnaði. Veitustjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að gjaldskrá.

8. Kópsvatnsholan.

Hannibal og Jón fóru yfir endanleg samningsdrög milli Hitaveitu Flúða og Flúðaorku ehf um annars vegar verksamning vegna byggingar á stöðvarhúsi við Kópsvatnsholuna og hins vegar leigusamning milli sömu aðila um stöðvarhúsið sem veitustjóra og sveitarstjóra hafa verið falið að undirrita. Þá var farið yfir boranir til afla virkjuninni kalt vatn til rafmagnsframleiðslunnar en fyrir liggur að holan eða holurnar gefa um 3-4 sek/l. Kostnaður við borunina eru um 4-5 milljónir. Veitustjórn telur rétt að eignarhald á kaldavatnsholunum sé í eigu Hitaveitu Flúða og gerðir verðir samningur um eignarhald á þeim við Flúðaorku á sama hátt og gerðir voru vegna stöðvarhússins. Búið að þinglýsa lóðaleigusamningi og verið að tengja mannvirki við ljósleiðara Hrunaljóss. Á næstu dögum eru að fara af stað prufukeyrslur á búnaði.

9. Kaup á bifreið.

Hannibal fór yfir tillögu um að Hitaveita Flúða kaupi öfluga fjórhóladrifsbifreið með útbúnaði til geymslu áhalda vegna verkefna Hitaveitunnar og sveitarfélagsins. Fyrir liggur að hægt er að leigja slíka bifreið út að hluta til vegna verkefna sem tengjast hreinsun seyru. Veitustjórn óskar eftir þarfagreiningu ásamt yfirliti yfir þau tilboð sem hafa borist og samþykkir að fresta málinu til næsta fundar.

10. Auglýsingarsamningur við körfuknattleiksdeild UMFH.

Hannibal fór yfir beiðni frá körfuknattleiksdeild UMFH um áframhaldandi samstarf við Hitaveitu Flúða um auglýsingu á keppnisbúninga deildarinnar. Fyrir liggur beiðni um tveggja ára samning og óskað eftir því að Hitaveitan greiði kr. 200.000 fyrir þessi tvö ár. Veitustjórn samþykkir erindið.

11. Yfirlit veitustjóra.

Hannibal fór yfir vinnu við að skipta út mælum í hitaveitu og vatnsveitu. Stefnit er að því að vinnu við útskiptingu verði lokið í byrjun desember. Verið er að vinna við að tengja dælustöðvar veitnanna í sérkerfi.

Veitustjórn samþykkir að næsti veitustjórnarfundur verði föstudaginn 2. nóvember kl. 14:00.

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið kl. 18:05.